



1. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 2. maí 2018 kl. 18:15.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson (VSP) formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir (DS), Sigrún Hreiðarsdóttir (SH), Ingibjörg Garðarsdóttir (IG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þórir Haraldsson (ÞH), Birgir Júlíus Sigursteinsson (BJS), Jón Steindór Sveinsson (JSS) og Þórdís Sigurðardóttir (ÞS) varamaður fyrir Ófeig Ágúst Leifsson. Auk þess sat fundinn Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð. Guðmundur Pálsson (GP) mætti kl. 19:04.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson og Guðmundur Gústafsson.
Fjarverandi var: Árni Steinarsson.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 1. fundargerð aðalstjórnar frá 7. mars 2018 staðfest.
 - Farið yfir búningamál.

2. Fundargerðir aðalfunda deilda

- Fundargerðir aðalfunda deilda fyrir árið 2017 lagðar fram til kynningar.
 - ÞH fór yfir ganga mál við færslu handbolta yfir í lðu meðal annars m.t.t. viðbyggingar.

3. Starfsáætlun aðalstjórnar Umf. Selfoss 2018-2019

- Samþykkt.

4. Reglugerð um úthlutun á styrk vegna starfsmanna deilda

- JSS kynnti tillögur knattspyrnudeildar og fylgdi þeim úr hlaði.
 - Leggur áherslu á umfang starfsins í deildinni.
- ÞH kynnti tillögu handknattleiksdeildar og fylgdi henni úr hlaði.
 - Leggur áherslu á þörfina á starfsmanni fyrir deildir.
- IG kynnti tillögu fimleikadeildar og fylgdi henni úr hlaði.
 - Leggur áherslu á jafna skiptingu og fjölda iðkenda.
- HSH kynnti áherslur frjálsíþróttadeildar.
 - Leggur áherslu á umfang starfsemi deilda og þörf á starfsmannahaldi.

- HSH telur mikilvægt að huga að því hvernig framkvæmdastjóri Umf. Selfoss geti sinnt fámennari deildum sem ekki fá úthlutað af styrknum.
- VSP fór yfir uppruna þess hvernig fjármunir eru sóttir til sveitarfélagsins.
 - Leggur til að málinu verði vísað til framkvæmdastjórnar.
- IG fór yfir áherslur Umf. Selfoss í samningum við Sv. Árborg.
- Í lok fundar var ákveðið að nota tillögu tvö frá knattspyrnudeild til viðmiðunar við úthlutun. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillöguna betur og kynna fyrir aðalstjórn í tölvupósti. Verður hún lögð fram til staðfestingar á næsta fundi aðalstjórnar með þeim ábendingum sem berast.

5. Samningar við Sveitarfélagið Árborg

- Minnt á að formenn deilda komi tillögum að breytingum á samningum við Sveitarfélagið Árborg til framkvæmdastjóra svo hægt sé að vinna þær í góðu samstarfi allra aðila.
- Rætt var um þjálfararáðstefnu Árborgar og telur HSH mikilvægt að setja þjálfarar og deildir líti á það sem skyldu sína að mæta á ráðstefnuna. Mikilvægt er að huga vel að tímasetningu ráðstefnunnar og viðfangsefni. Starfsmenn deilda tilnefndir í undirbúningshóp ásamt framkvæmdastjóra Umf. Selfoss og fulltrúa sveitarfélagsins.

6. Erindi frá knattspyrnudeild

- Lagt fram erindi varðandi greiðslu skaðabóta vegna seinkunnar á flugi. Í ljósi nýrra upplýsinga um greiðslu skaðabóta telur aðalstjórn rétt að skaðabætur vegna seinkunnar á flugi renni beint til viðkomandi farþega. Framkvæmdastjóra falið að ljúka málinu.

Fundi slitið klukkan 19:58.